



Varðar umræðu um 288. mál á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þann 17. desember 2012

17. desember 2012

1008013SA TP
Málalykill: 090

Samband íslenskra sveitarfélaga þakkar fyrir tækifæri sem gafst á nefndarfundi í morgun til umræðna um ofangreint þingmál.

Meðal þess sem sérstaklega var vikið að er 2. másl. b-liðar 8. gr. frv. sem hljóðar svo:

Þetta á þó ekki við ef sveitarfélag ákveður að beita reglum 2. þáttar um innkaupin, hvort sem er almennt eða í einstökum innkaupum.

Á það var bent af fulltrúa borgarlögmanns, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, að ófyrirsjáanlegt sé hvernig úrskurðarframkvæmdin muni þróast á grundvelli þessa ákvæðis og hvaða áhrif það hefði á innkaupareglur sem sveitarfélögin hafa þegar sett sér. Er eindregið mælt með því í umsögn borgarinnar að innkaup sveitarfélaga undir EES-viðmiðunarfjárhæðum verði undanþegin úrskurðarvaldi kærunefndar hér eftir og eins og framkvæmdin hefur verið hingað til.

Sambandið tekur undir röksemdir borgarlögmanns og þá tillögu að lögum um opinber innkaup verði - að svo stöddu - ekki breytt eins og lagt er til í ofangreindum 2. másl. lið. Telja verður að það varði sveitarfélögin miklu að horfið verði frá þessari breytingartillögu. Áhersla er lögð á að gildandi innkaupareglur sveitarfélaga eru allar samdar í því lagaumhverfi þar sem tilvísun til 2. þáttar gildandi laga er einungis notuð til fyllingar við framkvæmd opinberra innkaupa hjá þeim. Sveitarfélög hafi með innkaupareglum sínum kveðið á um útboðsskyldu yfir tilteknum viðmiðunarfjárhæðum og gildi um þá framkvæmd lög um framkvæmd innkaupa nr. 65/1993.

Af hinu opna orðalagi 2. másl. liðar má ráða að ef vísað yrði til laganna fyrir mistök eða einungis til hagræðingar varðandi hugtakanotkun þá yrði afleiðing þess að kærunefnd hefði vald til að endurskoða allar ákvarðanir sveitarfélagsins í innkaupaferlinu án þess að það hefði verið ætlun þess í upphafi. Það hlýtur að verða að gjalda varhug við því að setja slíka opna og óskýra lagaheimild í lög án samráðs við sveitarfélögin í landinu.

Sé það hins vegar mat efnahags- og viðskiptanefndar að 2. másl. liður eigi efnislega að vera áfram í frumvarpinu er farið fram á það af hálfu sambandsins, **að aðlögunartími verði gefinn að þeirri breytingu þannig að hún taki gildi 1. júlí 2013** (m.v. að afgreiðslu málsins ljúki á Alþingi fyrir áramót).

Umræddur 2. másl. liður mun hafa í för með sér að sveitarfélög geti til framtíðar í reynd valið að fella innkaupamál sín undir í heild eða að hluta undir úrskurðarvald kærunefndar. Í þágu réttaröryggis og skilvirkrar stjórnáslu verður að lágmarki að gefa sveitarfélögunum ráðrúm til þess að aðlaga reglur sínar þannig að þær endurspegli þann kost sem verður fyrir valinu.

Yfirlit um innkaupareglur sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga 12.12.2012 VRH/TrÞ

- úr könnun gerðri í desember 2011

Sveitarfélag	Dags. reglna	Ú t b o ð					
		Þjónusta		Vörukaup		Framkvæmdir	
Akranes	23. mars 2010	14.000.000	m/vsk	7.000.000	m/vsk	30.000.000	m/vsk
Akureyri	14. júní 2005	8.000.000	m/vsk	4.000.000	m/vsk	16.000.000	m/vsk
Álfanes	28. maí 2009	3.000.000		3.000.000		4.000.000	
Árborg	22. desember 2008						
Ásahreppur	16. febrúar 2010	15.000.000	án vsk.	5.000.000	án vsk.	15.000.000	án vsk.
Bláskógabyggð	12. janúar 2010	1.000.000	m/vsk	5.000.000	m/vsk	15.000.000	m/vsk
Borgarbyggð	8. mars 2012	5.000.000	m/vsk	10.000.000	m/vsk	20.000.000	m/vsk
Dalabyggð	18. janúar 2011	15.000.000	án vsk.	5.000.000	án vsk.	15.000.000	án vsk.
Dalvík	29. apríl 2010	6.000.000	m/vsk	4.000.000	m/vsk	10.000.000	m/vsk
Djúpavogshreppur	14. apríl 2011	15.000.000	án vsk.	5.000.000	án vsk.	15.000.000	án vsk.
Eyjafjarðarsveit	1. mars 2008	8.000.000	m/vsk	4.000.000	m/vsk	10.000.000	m/vsk
Fjallabyggð	13. apríl 2011	9.000.000	m/vsk	5.000.000	m/vsk	17.000.000	m/vsk
Fljótsdalshérað	17. september 2008	12.400.000	m/vsk	6.200.000	m/vsk	25.000.000	m/vsk
Flóahreppur	1. júní 2011						
Garðabær	18. febrúar 2010	15.000.000	m/vsk	10.000.000	m/vsk	30.000.000	m/vsk
Garður	14. febrúar 2011	8.000.000	m/vsk	10.000.000	m/vsk	15.000.000	m/vsk
Grímsnes og Grafningsshr.	17. desember 2009	6.500.000	m/vsk	4.300.000	m/vsk	10.600.000	m/vsk
Grindavík	10. mars 2010	3.000.000	m/vsk	3.000.000	m/vsk	5.000.000	m/vsk
Grundarfjörður	10. janúar 2008	5.000.000	m/vsk	3.000.000	m/vsk	15.000.000	m/vsk
Grýtubakkahreppur *)	1. janúar 2011	6.525.543	m/vsk	1.305.107	m/vsk	6.525.543	m/vsk
Hafnarfjörður	22. mars 2005	5.000.000	án vsk.	2.500.000	án vsk.	10.000.000	án vsk.
Hornafjörður	1. janúar 2008	3.000.000	án vsk.	3.000.000	án vsk.	3.000.000	án vsk.
Hrunamannahreppur	1. janúar 2010	6.000.000	m/vsk	4.000.000	m/vsk	10.000.000	m/vsk
Húnaþing vestra	1. janúar 2007	2.000.000	m/vsk	2.000.000	m/vsk	4.000.000	m/vsk
Hvalfjarðarsveit	1. febrúar 2011						
Hveragerði	14. janúar 2010	8.000.000	m/vsk	5.000.000	m/vsk	12.000.000	m/vsk
Ísafjörður	19. júní 2008			3.000.000	m/vsk	10.000.000	m/vsk
Kópavogur	1. mars 2008	15.000.000	án vsk.	10.000.000	án vsk.	20.000.000	án vsk.
Langanesbyggð	18. febrúar 2010	6.000.000	m/vsk	2.000.000	m/vsk	8.000.000	m/vsk
Mosfellsbær	10. mars 2010	25.000.000	án vsk.	10.000.000	án vsk.	25.000.000	án vsk.
Mýrdalshreppur	25. mars 2010	15.000.000	m/vsk	5.000.000	m/vsk	10.000.000	m/vsk
Rangárþing eystra	8. apríl 2010						
Reykjavík	17. febrúar 2005	14.000.000	m/vsk	7.000.000	m/vsk	28.000.000	m/vsk
Sandgerði	3. mars 2010	7.000.000	án vsk.	10.000.000	án vsk.	20.000.000	án vsk.
Seltjarnarnes	23. febrúar 2011	10.000.000	m/vsk	5.000.000	m/vsk	20.000.000	m/vsk
Skeiða- og Gnúpverjahr.	1. maí 2010	7.000.000	m/vsk	4.000.000	m/vsk	15.000.000	m/vsk
Súðavík	1. apríl 2008	5.000.000	m/vsk	1.000.000	m/vsk	5.000.000	m/vsk
Svalbarðsstrandahr.	13. apríl 2010	8.000.000	m/vsk	4.000.000	m/vsk	16.000.000	m/vsk
Tálknafjörður	1. maí 2011	15.000.000	án vsk.	5.000.000	án vsk.	15.000.000	án vsk.
Vestnannaeyjar	25. september 2008	10.000.000	m/vsk	5.000.000	m/vsk	10.000.000	m/vsk
Vogar	4. mars 2008	7.000.000	án vsk.	10.000.000	án vsk.	20.000.000	án vsk.

Fara eftir 2. þætti laga nr. 84/2007: Skagabyggð, Seyðisfjarðarkaupstaður, Blönduósibær, Reykhólahreppur, Reykjanesbær

Innkaupareglur í vinnslu: Blönduósibær, Reykhólahreppur, Snæfellsbær, Sveitarfélagið Skagafjörður, Norðurþing,

Fjarðabyggð, Reykjanesbær, Stykkishólmsbær og Skaftárhreppur

Hafa ekki sett sér innkaupareglur: Tjörneshreppur, Skagabyggð, Seyðisfjarðarkaupstaður, Strandabyggð, Húnavatnshreppur,

Hörgársveit, Kaldrananeshreppur, Sveitarfélagið Ölfus, Þingeyjarsveit

Ekki með: Hafnarfjarðarkaupstaður, Helgafellssveit, Eyja- og Miklaholtshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Vesturbyggð,

Árneshreppur, Sveitarfélagið Skagatrönd, Akrahreppur, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Vopnafjarðarhreppur,

Fljótsdalshreppur og Borgarfjarðarhreppur

Sveitarfélag	Verðfyrirspurnir					
	Ejónusta		Vörukaup		Framkvæmdir	
Akranes	7.000.000-14.000.000	m/vsk.	3.500.000-7.000.000	m/vsk.	14.000.000-30.000.000	m/vsk.
Akureyri	2.500.000	án vsk.	1.000.000	án vsk.	5.000.000	án vsk.
Álfanes	800.000-3.000.000		800.000-3.000.000		2-4.000.000	
Árborg						
Ásahreppur						
Bláskógabyggð	2000000	án vsk.	1000000	án vsk.	3000000	án vsk.
Borgarbyggð	5.000.000-10.000.000	m/vsk.	2.500.000-5.000.000	m/vsk.	10.000.000-20.000.000	m/vsk.
Dalabyggð						
Dalvík	2.500.000	án vsk.	1.000.000	án vsk.	5.000.000	án vsk.
Djúpavogshreppur						
Eyjafjarðarsveit	2.500.000	án vsk.	1.000.000	án vsk.	5.000.000	án vsk.
Fjallabyggð	300.000	m/vsk.	100.000	m/vsk.	300.000	m/vsk.
Fljótsdalshérað	6.200.000-12.500.000	m/vsk.	3.100.000-6.200.000	m/vsk.	12.500.000-25.000.000	m/vsk.
Flóahreppur						
Garðabær	10.000.000	m/vsk.	5.000.000	m/vsk.	20.000.000	m/vsk.
Garður						
Grímsnes og Grafningsshr.	2.500.000	án vsk.	1.000.000	án vsk.	5.000.000	án vsk.
Grindavík	400.000	m/vsk.	300.000	m/vsk.	500.000	m/vsk.
Grundarfjörður	2.000.000	án vsk.	1.000.000	án vsk.	3.000.000	án vsk.
Grýtubakkahreppur *)	1.305.107	án vsk.	652.554	án vsk.	1.305.107	án vsk.
Hafnarfjörður	2.500.000	án vsk.	1.000.000	án vsk.	5.000.000	án vsk.
Hornafjörður **)	1.000.000-3.000.000	án vsk.	1.000.000-3.000.000	án vsk.	1.000.000-3.000.000	án vsk.
Hrunamannahreppur	2.500.000	án vsk.	1.000.000	án vsk.	5.000.000	án vsk.
Húnaþing vestra						
Hvalfjarðarsveit						
Hveragerði	1.000.000-8.000.000	m/vsk.	1.000.000-5.000.000	m/vsk.	1.000.000-12.000.000	m/vsk.
Ísafjörður			2.000.000	án vsk.	3.000.000	án vsk.
Kópavogur						
Langanesbyggð	2.000.000	án vsk.	1.500.000	án vsk.	3.000.000	án vsk.
Mosfellsbær	12500000	án vsk.	5000000	án vsk.	12500000	án vsk.
Mýrdalshreppur	5000000		1.000.000		2.000.000	
Rangárþing eystra			5000000	án vsk.	10000000	án vsk.
Reykjavík	7.000.000-14.000.000	m/vsk.	3.500.000-7.000.000	m/vsk.	14.000.000-28.000.000	m/vsk.
Sandgerði						
Seltjarnarnes	5.000.000-10.000.000	m/vsk.	2.000.000-5.000.000	m/vsk.	10.000.000-20.000.000	m/vsk.
Skeiða- og Gnúperjehr.	2.500.000	m/vsk.	1.000.000	m/vsk.	5.000.000	m/vsk.
Súðavík	1.000.000	án vsk.	500.000	án vsk.	1.000.000	án vsk.
Svalbarðsstrandahr.	2.500.000	án vsk.	1.000.000	án vsk.	5.000.000	án vsk.
Tálknafjörður						
Vestnannaeyjar	500.000	m/vsk.	1.000.000	m/vsk.	2.000.000	m/vsk.
Vogar						

*) m.v. neysluseröðsvísitölu 01.12.2010, 365,3 stig

**) Ekki alveg ljóst með verðfyrirspurnir

